

# St. Jóh. Rannsóknastúkan SNORRI

nr. 14



## Fræðafundur

### í Regluheimilinu Ísafirði

kl. 13.00 laugardaginn 19. September 2015.

#### Dagskrá:

Fundarsetning

Fjárhagsstúka

Rannsóknarerindið:

### Fyrstu ár frímúrarastarfs á Ísafirði

Umræður

Fundarslit

Bróðurmáltíð

Fundurinn er á l° og opinn öllum bræðrum.

Í þessu erindi er fjallað um upphaf frímúrarastarfs á Ísafirði, frá því að fyrstu frímúrararnir sem búsettir voru þar komu saman og mynduðu hóp sem þeir kölluðu Bræðrafélagið og hafði að markmiði að stofna þar fræðslustúku. Þetta tókst hjá þessum bræðrum og Bræðrafélag var stofnað 2. júlí 1925. Heiti fræðslustúkna hafði verið breytt í bræðrafélög nokkru áður. Einnig verður fjallað um heimsókn embættismanna dönsku Reglunnar til Ísafjarðar sumarið 1933 og að lokum nokkur orð um stofnun fullgildrar St. Jóh. stúku á Ísafirði.

Í 25 ára afmælisriti Frímúrarareglunnar á Íslandi er greint mjög vel frá upphafi frímúrarastarfs á Ísafirði og einnig í 50 ára afmælisriti Njálu eftir Erling Sörensen útgefið 2003.

Ekki er ætlunin að endurtaka það að nokkru leyti heldur einungis að skjóta inn upplýsingum sem ef til vill hafa ekki verið aðgengilegar fyrr en nú.



---

Jón Birgir Jónsson R&K fv. HSM Frímúrarareglunnar á Íslandi. Hann gekk í St.Jóh.stúkuna Mími árið 1969, var Stm. hennar 1985-1989 og hefur gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum fyrir Frímúrararegluna. Jón Birgir er fæddur í Reykjavík 23. apríl 1936. Hann er verkfræðingur að mennt og starfaði um þriggja áratuga skeið hjá Vegagerð ríkisins. Ráðuneytisstjóri samgönguráðuneytisins var hann 1993 - 2003. Undanfarin ár hefur hann verið að rannsaka sögu og upphaf frímúrarastarfs á Íslandi.

---

■ **Markmið Rannsóknastúkunnar SNORRA er að að gangast fyrir rannsóknum, skrifum, fyrirlestrum og umræðum um fræði, sögu, starfsemi og markmið Frímúrarareglunnar á Íslandi og málefni þessu tengd.**

■ **Félagar í stúkunni geta þeir orðið sem eru fullgildir bræður á stigi virðulegra meistara eða æðra stigi í Frímúrarareglunni á Íslandi.**